

6. gr.

Fyrirsögn III. kafla laganna verður: **Eftirlit.**

7. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Eftirlit með starfsemi bifreiðasala er í höndum lögreglustjóra í því umdæmi þar sem starfsstöð bifreiðasala er.

Nú fylgir bifreiðasali ekki lögum og reglum sem um starfsemi þessa gilda þrátt fyrir til-
mæli lögreglustjóra eða fullnægir ekki lengur skilyrðum laganna, og skal þá lögreglustjóri
tilkynna það viðskiptaráðherra sem sviptir viðkomandi starfsleyfi.

Nú rekur aðili starfsemi sem leyfi þarf til samkvæmt lögum þessum án tilskilinna rétt-
inda, og skal þá lögreglustjóri þegar í stað stöðva þá starfsemi, þar á meðal með lokun
starfsstöðvar.

8. gr.

Við lögín bætist ný grein er verður 11. gr. laganna og orðast svo:

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar
á um framkvæmd þeirra með reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 17. apríl 1997.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

LÖG

**um breyting á lögum um happdrætti Dvalarheimilis
aldraðra sjómanna, nr. 16 13. apríl 1973,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:
Heimild þessi gildir til ársloka 2007.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 30. apríl 1997.

*Gjört á Bessastöðum, 17. apríl 1997.***Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.